

## AUGLÝSING

### um umferð í Mosfellsbæ.

Skipulags- og umhverfisnefnd Mosfellsbæjar hefur í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

#### 202 Biðskylda.

*Að biðskylda verði:*

Á gatnamótum botnlanga við Flugumýri 12 út á safngötu Flugumýrar.

Á gatnamótum botnlanga við Flugumýri 24 út á safngötu Flugumýrar.

Á gatnamótum botnlanga við Flugumýri 36 út á safngötu Flugumýrar.

Í austurenda Flugumýrar út á Skarhólabraut til suðurs.

Í Desjamýri á T-gatnamótum við Flugumýri og við enda Desjamýrar til austurs.

Í austurenda Desjamýrar út á Skarhólabraut til suðurs.

#### 204 Stöðvunarskylda.

*Að stöðvunarskylda verði af:*

Vesturenda Flugumýrar, gengt Flugumýri 2, inn á Flugumýri/Aðaltún.

#### 372 Bannað að leggja ökutæki.

*Að bannað verði að leggja ökutæki við:*

Norðurhlið Flugumýrar frá gatnamótum Flugumýrar/Aðaltúns að innkeyrslu að Desjamýri 1.

Við Flugumýri frá gatnamótum Desjamýrar að Skarhólabraut.

Við Flugumýri, norðan við Flugumýri 36, að gatnamótum við Skarhólabraut.

Norðurhlið Desjamýrar frá gatnamótum við Flugumýri og út götuna til austurs.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 250/2024.

Ákvörðunin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar

*Mosfellsbæ, 8. desember 2025.*

**Kristinn Pálsson** skipulagsfulltrúi.